

STEINDÓR J. ERLINGSSON

„Þú er enn þá lifandi, þú ert enn ekki einn“

Skáldin, eitur illskunnar og ég

Ég lauk aldrei lestri
Paradísar mea culpa
mér leiddist í *Hreinsunareldinum*
mea culpa
einungis *Víti*
las ég rjóður í vöngum
mea maxima culpa¹

Eitur hefur runnið um æðar mínar í áratugi. Ósagt skal látið hvort það sé af sama toga og eitrið sem austurríska ljóðskáldið Rainer Maria Rilke (1875–1926) gerði að umtalsefni á einum stað í *Minnisblöðum Maltes Laurids Brigge*.² En líkt og ýjað er að í skáldsögu Rilkes viðheldur hjartað í brjóstakassa mínum hringrás þess með hverjum slætti og flytur það um æðakerfið til allra hluta líkamans, allt frá húðfrumum litlu tána til háirsekkja höfuðsins. Tilvist eitursins innan vébanda minna má rekja til illskunnar sem ég varð vitni að sem ungur maður í Eþíópíu,³ svo sem flugslyssins skelfilega, þegar Boeing farþegaþota hrapaði skammt frá þorpinu mínu, rotnandi líkanna í spítalapotinu og unga deyjandi

¹ Tadeusz Różewicz, „Too Bad“, *Sobbing Superpowers. Selected Poems of Tadeusz Różewicz*, Joanna Trzeciak þýddi, New York: W.W. Norton & Company, 2011, bls. 257–258, einkum bls. 257. Ég ber ábyrgð á öllum þýðingum í greininni, nema annað sé tekið fram. Ég þakka Öldu Björk Valdimarsdóttur, Guðna Elíssyni og Guðrínu Steinþórsdóttur fyrir gagnlegar athugasemdir.

² Rainer Maria Rilke, *Minnisblöð Maltes Laurids Brigge*, Benedikt Hjartarson þýddi og ritaði inngang, Reykjavík: Hið íslenska bókmenntafélag, 2020, bls. 127.

³ Steindór J. Erlingsson, „Í leit að horfnum tíma. Leiðin til Eþíópíu, Grossmans og merk-ingarbærs lífs“, *Tímarit Máls og menningar*, 1/2021, bls. 45–63, einkum bls. 49–52.



Ritíð

1. tbl. 23. árg. 2023 (99-114)

© 2022 Ritíð, tímarit Hugvísindastofnunar og höfundur greinarinnar

Útgefandi:
Hugvísindastofnun Háskóla Íslands,
Sæmundargötu 2, 102 Reykjavík

Birtist á vefnum <http://www.ritid.hi.is>.
Tengiliður: ritid@hi.is

DOI: 10.33112/ritid.23.1.4
Birt samkvæmt skilmálum
Creative Commons BY (4.0).

mannsins sem fékk „einn þumlung af blýi í / brjótkassann“.⁴ Til að byrja með voru áhrif þess einungis bundin við ákveðinn óskilgreindan stað í heilanum, en eftir því sem árunum fleytti fram virðast fleiri staðir í líkamanum hafa orðið fyrir áhrifum þess. Eftir að ólyfjan illskunnar varð varanlegur hluti tilveru minnar hefur það svæði heilans sem stjórnar lífsviljanum vart borið sitt barr. Afleiðingin er skelfileg, enda hef ég hugleitt sjálfsvíg með einum eða öðrum hætti nánast öll fullorðinsárin. Dauðahvötin hryllilega hefur haft margvísleg neikvæð áhrif á líf mitt, til að mynda skemmt getu mína smátt og smátt til þess að eiga í mannlegum samskiptum.

Þegar þungur baggi dauðahvatarinnar er hafður í huga þarf ekki að koma á óvart að ég gluggi endrum og sinnum í *Víti* Dantes Alighieri (1265–1321).⁵ Í þessum stórbrotna ljóðabálki lýsir Dante ferð sinni niður níu bauga vítis og varpar um leið ljósi á stjórn málaástandið í fæðingarborg sinni Flórens. Þrátt fyrir myndrænar lýsingar skáldsins á umhverfi vítis telur rússneska (sovéska) ljóðskáldið Osip Mandelstam (1891–1938) rangt að horfa á það sótsvarta sem efnislegan stað. Þessu heldur hann fram í magnaðri ritgerð um hugmyndaheim Ítalans þar sem segir að „víti innihaldi ekkert, og sé án rúmtaks, líkt og farsótt, smitandi sjúkdómur“.⁶ Sama á við um sjálfsvígshuganirnar sem herja á mig. Þær eru án rýmdar en líkt og í bók Dantes eru þær stundum uppspretta harmrænnar atburðarásar þegar rýmislausu hugsanirnar raungerast í lífshættulegri atburðarás í daglegu lífi.

Ýmsar leiðir hafa verið reyndar til þess að draga úr áhrifum dauðahvatarinnar á líf mitt. Lengstum réð geðlæknisfræðin alfarið för, með litlum sem engum árangri.⁷ Læknarnir einblíndu því miður bara á eitrið sem streymir um líkamann en ekki ástæður þess að það barst inn í hann. Fyrir nokkrum árum varð loks breyting á þegar ég komst í samband við sálfræðing, sem sérhæfir sig í því að skilja innkomuleiðir eiturs illskunnar og hvernig hægt sé að draga úr áhrifum þess. Með aðstoð sálfræðingsins hefur mér tekist að lyfta Grettistaki og má færa rök fyrir því að hún hafi bjargað lífi mínu.

⁴ Marina Tsvetaeva, „Poem of the End“, *Bride of Ice*, Elaine Feinstein þýddi, Manchester: Carcanet Press, 2009, bls. 94–117, einkum bls. 102.

⁵ Dante Alighieri, *Víti*, Einar Thoroddsen þýddi og Jón Thoroddsen ritaði formála, Reykjavík: Guðrún útgáfufélag, 2018.

⁶ Osip Mandelstam, „Conversation about Dante“, Clarence Brown og Robert Hughes þýddu, *The Selected Poems of Osip Mandelstam*, Clarence Brown og W. S. Merwin þýddu, New York: New York Review of Books, 1973, bls. 103–153, einkum bls. 142. Á fjórða áratugnum gekk Mandelstam alltaf með vasabrotsútgáfu *Gleðileiksins guðdómlega* á sér; sjá Nadezhda Mandelstam, *Hope Against Hope*, Max Hayward þýddi, London: Harwill Press, 1999, bls. 228.

⁷ Steindór J. Erlingsson, „Hugleiðing um áföll og sjálfsvígshugsanir“, *Tímarit Máls og menningar* 3/2015, bls. 4–17. Sjá einnig Steindór J. Erlingsson, „Glímur geðlæknisfræðin við hugmyndafræðilega kreppu? Um vísindi og hagsmuni“, *Tímarit félagsráðgjafa* 5: 1/2011, bls. 5–14.

Þrátt fyrir árangursríkt samstarf með sálfræðingnum á ég því miður enn langt í land á ýmsum sviðum, enda hafði eitrið hringsólað um líkamann í 26 ár áður en ég fór að vinna með sálfræðingnum. Fyrir utan tortúmingarhvötina, birtast hryllileg áhrif þess í stöðugum heilsufarslegum vandamálum sem venjulega finnst engin skýring á. Af þessum sökum hefur mér ekki enn tekist að rjúfa vítahring sjálfsvígshugsananna. Þegar þær heltaka mig dreg ég mig nánast alveg í hlé, en nú er af sem áður var. Í stað þess að einangra mig í mánuði eða misseri, hefur meðferð sálfræðingsins orðið þess valdandi að nú varir fásinnið miklu skemur. Lífshættan er eftir sem áður sú sama. Ég get í raun þróað mig sælan yfir því að hafa ekki þurft að skilja svona bréf eftir mig:

Murljga ... fyrirgefðu mér, en það hefði einungis orðið verra. *Ég er alvarlega veik*, þetta er ekki lengur ég. Ég elska þig innilega. Skyldu að ég gat ekki lifað lengur. Segðu pabba og Alíju – ef þú sérð þau – að ég elska þau fram á síðustu mínútuna, og skýrðu að *ég sé stödd í öngstrati*.⁸

Í þessu dapra bréfi kvaddi rússneska (sovéska) ljóðskáldið Marína Tsvétajeva (1892–1941) son sinn Gregoríj (1925–1944) rétt áður en hún stytta sér aldur. Ævi þessa stórkostlega skálds var harmþrungin í kjölfar illsku byltingarinnar í heimalandi hennar árið 1917, eins og meðal annars má lesa úr dagbókum sem hún hélt frá því ári og allt fram til ársins 1922, er hún flúði í útlegð ásamt dóttur sinni Ariadnu (Alíju) (1912–1975). Þá hittu hún eiginmanninn Sergei Efron (1893–1941) í fyrsta sinn í mörg ár.

Á þessum árum voru hungrið og erfiðleikarnir í Moskvu skelfingu líkastir. Sulturinn dró Írínu (1917–1920), seinni dóttur Marínu og Sergeis, til dauða. Það sætir því ekki undrun að sjálfsvíg hafi borið á góma í skrifum hennar. „Dauði“, sagði Marína árið 1919, „er einungis ógnvekjandi fyrir líkamann. Sálin getur ekki skilið hann. Af þessu leiðir, við sjálfsvíg, líkaminn – er eina hetjan“. Þessar setningar eru eitt þriggja orðspjóta frá sama ári þar sem sjálfsvíg og dauði bera á góma. Í fyrri hluta annars orðspjótsins ritaði Marína: „Sjálfsvíg: heigulsháttur sálarinnar, umbreytist í hetjuskap líkamans“. Í því þriðja ítrekaði hún loks skilning sinn á sambandi sálarinnar og lífsins: „Hetjuskapur sálarinnar – er að lifa, hetjuskapur líkamans – er að deyja“.⁹

⁸ Jamey Gambrell, „Inngangur“, *Earthy Signs. Moscow Diaries 1917-1922* eftir Marina Tsvetaeva, Jamey Gambrell ritstýrði og þýddi, New York: New York Review of Books, 2002, bls. XVIII.

⁹ Marina Tsvetaeva, *Earthy Signs. Moscow Diaries 1917-1922*, Jamey Gambrell ritstýrði og þýddi, New York: New York Review of Books, 2002, bls. 138.

Marína tilheyrir hópi skálda og rithöfunda sem bókstaflega hafa haldið í mér lífinu undanfarin misseri, á meðan mjög erfið veikindi héldu mér nánast í heljargreipum. Í áraraðir kom leitin að „vísindalegum“ lausnum á vandamálum sem á mig herja í veg fyrir að augu mín opnuðust fyrir lækningamætti skáldsagna og ljóða. Nú er það liðin tíð. Þótt innihald ritverkanna sem ég les sé á stundum þrúgandi getur falist gríðarleg geðhreinsun í slíkum lestri. Í þessum hópi er skáldsagan *Maður án eiginleika*, meistaraverk austurríska rithöfundarins Roberts Musil (1880–1942). Sögusvið bókarinnar er Vín árið 1913 og hverfist hún í kringum vísindamanninn Ulrich og tengslanet hans. Á sama stalli sitja stórbrotnir ljóðabálkar rússneska (sovéska) skáldsins Önnu Akhmatova (1889–1966), *Sálumessa: Ljóð 1935-1940*, óður Önnu til fórnarlamba hreinsana Stalíns, og *Ljóð án hefju* (1940–1961), hugleiðing hennar um veröld sem var.¹⁰ Að endingu er rétt að geta *Steppuúlfsins*, skáldsögu þýska rithöfundarins Hermanns Hesse (1877–1962), sem bókstaflega opnaði augu mín fyrir mögulegum leiðum út úr öngstrætinu. Ekki skemmir heldur fyrir að söguhetja bókarinnar, Harry Haller, höfðar mjög sterkt til mín. Auk þess að hafa verið nálægt mér í aldri þegar ég las bókina, hefur Haller, líkt og ég, lítið álit á dægurtónlist, en brennandi áhuga á bókum, klassískri tónlist og er umfram allt heltekinn af myrkri lífsins.

Í því sem á eftir fer ætla ég að greina frá baráttu minni við sjálfsvígshugsanir og aðrar afleiðingar eitsins sem ég innbyrti í Eþíópíu með því að lýsa síðkvöldi og nótt þar sem ég sogast smátt og smátt ofan í hlydýpi dauðahvatarinnar. Ég hef því miður átt ótal svona stundir en er svo lánsamur að sálartetur mitt er enn hetja, svo ég leyfi mér að vísa í orðspjót Marínu.

*

Ég ligg andvaka og bylti mér í rúminu. Ekki í fyrsta sinn. Birtan frá götuljósunum skín í gegnum rimlatjöldin og myndar hallandi línur, sem bera við hvítan vegginn og myndir af börnunum þremur. Við hlið mér liggur eiginkonan og steinsefur. Sama á við um Snúlla, eineygða gulbröndotta köttinn okkar, sem sefur alltaf þétt upp við betri helminginn. Þessi nánu tengsl kveikja stundum innra með mér lítilmannlega tilfinningu, öfund. Ég fyllist einnig vanmáttarkennd þegar ég hugleiði getu þeirra til þess að leggjast á koddann og sofna nánast samstundis. Það hef ég sjaldan upplifað í þau tæplega 30 ár sem ég hef sofið við hlið eiginkonunnar, enda líður einatt talsverður tími þangað til ég næ að festa svefn.¹¹ Fram að þeirri

¹⁰ Anna Akhmatova, „Sálumessa“, Ingibjörg Haraldsdóttir þýddi, *Tímarit Máls og menningar*, 4/1998, bls. 17–25. Anna Akhmatova, *Selected Poems*, Richard McKane þýddi, Hexham: Bloodaxe Books, 2016, 289–314.

¹¹ Í ljóðinu „Misskipting“ slær Gyrðir Elíasson skáld og rithöfundur á sömu strengi: „Hún

stund er svefnstöð heilans yfirvinnur vitsmunalífið steypir hugurinn sér alltof oft niður á drungalegar, en kunnuglegar slóðir.

Þetta síðkvöld er engin undantekning. Ég ligg í rökkrinu og beini athyglinni að hjartslættinum óreglulega sem hefur plagað mig árum saman. Taktleysi lífsdæluunar er stundum uppspretta mikilla óþæginda og ótta þó ég viti innst inni að hjartaáfall sé ekki yfirvofandi. „Ó, sláðu hægt mitt hjarta“, hugsa ég þá með þökkum til Steins Steinarrs (1908–1958), „og hræðstu ei myrkrið svarta“.¹² Nú er annað uppi á teningnum. Áhugasamur fylgist ég með óreiðukenndum slætti vöðvans, reyni að sjá fyrir mér hólfín fjögur, þaðan sem eitri illskunnar er þeytt til ólíkra staða í líkamanum, og óska þess heitt að hugurinn geti ýtt enn frekar undir ringulreiðina í brjóstkassanum. Ef mér á að takast ætlunarverkið verð ég á einhvern hátt að brjótaskast inn í mænukylfuna, koma þar fyrir vírusi sem myndi berast þaðan eftir flökkutauginni til hjartans. Þar myndi hann koma sér fyrir í taugunum sem framkalla óregluna, magna hana upp þar til vöðvinn kraftmikli springur og losar mig þannig undan álögum illskunnar sem eittraði líf mitt í Eþíópíu.

Mitt í þessum sjúklega þankagangi gjóa ég augunum til eiginkonunnar og Snúlla, án þess að finna fyrir nokkurri sektarkennd. Loks bera hjartaórarnir mig á enn erfiðari slóðir sem er minn óreiðukenndi hugur. Hann er markaður af erfiðri baráttu við afleiðingar eitrunarinnar, svo sem þunglyndi, kvíða, ofsakvíða, félagsfælni, ólmhuga og sjálfsvígshugsanir. Þessi innri átök hafa leitt af sér endurteknar spítalainnlagnir, lyfjatilraunir og raflækningar, en þá er rafstraumi hleypt á höfuðið í líknandi tilgangi. Í þessu helvíti hef ég dvalið meira og minna í rúmlega 30 ár.

Ég er fyllilega meðvitaður um neikvæð áhrif þess að velta sér upp úr fortíðinni. Samt sem áður geysist hugurinn, eftir misheppnuðu hjartaatlöguna, stjórnlaust á þessar dimmu slóðir. Ljósínurnar fallegu og myndirnar af börnunum mega sín lítills í baráttunni við aðdráttarafi svartholsins sem togar fastar og fastar í mig. Þegar krafturinn hefur læst í mig klónum er fátt sem getur stoppað fallið. Göngutúr úti í einmanaleika myrkursins myndi einungis hraða því að ég hyrfi endanlega handan sjónhvarfa svartholsins, sem endurspeglar þá sorglegu staðreynd að stundum eru gönguferðirnar alls ekki líknandi.

Í örvæntingu minni fæ ég augnvöðvana aftur til að beina sjáöldrunum að eiginkonunni og eineygðu andliti Snúlla. Þá sé ég óljóst gullflyksur og fínan sand,

sofnaði ævinlega um leið“, segir í upphafi ljóðsins, „og hún lagði höfuðið á koddann. / Hann skildi þetta ekki“ (Gyrðir Elíasson, *Draumstol*, Reykjavík: Dimma, 2020, bls. 101).

¹² Steinn Steinarr, „Gömul vísa um vorið“, *Kvæðasafn og greinar*, Reykjavík: Helgafell, 1964, bls. 88.

svo ég leyfi mér að umorða tvær línur úr einu af kattarljóðum Charles Baudelaire (1821–1867), handan dulræns auga Snúlla, sem glóir líkt og stjarna.¹³ Ljóðlínurnar dásamlegu gera mig loks meðvitaðan um þungan, taktfastan og kærleiksríkan andardrátt þeirra. Undir sænginni sé ég móta fyrir ávölum líkama eiginkonunnar en höfuðið eitt er sýnilegt. Á meðan brúnt hárið liðast eftir koddanum og minnir mig á kraftmikinn foss í vorleysingum liggur líkami Snúlla þétt upp að höfði hennar, líkt og leifar af klakabrynju vetrarins. Nærvera þeirra og fegurð má sín því miður lítills í baráttunni við minningastreymið dimma sem þeytist um hugann.

Ég finn nú fyrir yfirþyrmandi hatri á sjálfsvitundinni, uppsprettu hugsananna sem halda mér í heljargreipum. Sterkust þeirra er löngunin til þess að deyja. Þegar eiginkonuna ber aftur við sjónsviðið teygir mig eftir *Kattarheimspeki*, nýrri bók heimspekingsins Johns Gray (f. 1948),¹⁴ sem liggur á náttborðinu. Þegar ég fletti henni kviknar innra með mér sannfæring þess efnis að eiginkonan geti ekki með nokkru móti skilið dauðakenndina sem æðir nú um vitundina, þessa skelfilegu löngun sem hefur litað líf mitt dökkum litum í áratugi, jafnt í vöku sem og svefni. Hryggur hugsa ég til ljóðlína Steins Steinarrs:

Þú, sem ég elska,
aldrei skalt þú vita,
hve þung mín þjáning er.¹⁵

Þótt eiginkonan sé öll af vilja gerð þá getur venjuleg manneskja ekki skilið þessa skelfilegu hvöt sem „er svo dimm og dauðahljóð“.¹⁶

Á daginn birtist dauðahvötin sem sjálfsvígshugsanir, en frá morgni til kvölds hugleiði ég misalvarlega eigin endalok. Þegar verst stendur á velti ég fyrir mér í smáatriðum hvernig best sé að enda lífið. Þá streyma alls konar hugmyndir um hugann, stundum eins og hendi væri veifað. Ég er ef til vill úti á gangi og sé stóran truck nálgast á fleygiferð. Þá getur hugurinn skyndilega tekið upp á því að hvetja mig hástöfum til þess að ganga í veg fyrir farartækið, án þess að ég leiði hugann að vesalings bílstjóranum. Sami hryllingur getur gripið mig þegar ég labba yfir brú í hverfinu, þá stari ég eins og í leiðslu ofan í hafdjúpið og hugleiði hvort mikill sársauki fylgi því að drukkna.

Í kjölfar slíkra ögurstunda leiði ég stundum hugann að hjónunum Reziu og

¹³ Charles Baudelaire, „Cat“, *The Flowers of Evil*, James McGowan þýddi, Oxford: Oxford University Press, 1993, bls. 135.

¹⁴ John Gray, *Feline Philosophy. Cats and the Meaning of Life*, London: Allen Lane, 2020.

¹⁵ Steinn Steinarr, „Mazurka eftir Chopin“, bls. 118.

¹⁶ Sama heimild.

Septimusi, tveimur af söguhetjum *Mrs. Dalloway* eftir Virginíu Woolf (1881-1941), en ólíkt eiginmanninum breska þá hef ég hvorki hugleitt né rætt við eigin-konuna um hvort hún ætti að enda líf sitt með mér. Ég velti því hins vegar stund-um fyrir mér hvort konan sem liggur við hlið mér þekki augnaráðið sem Rezia varð vitni að er Septimus spurði eitt sinn hvort þau ættu ekki að fyrirfara sér. Þá virti hún fyrir sér svipinn sem hún hafði áður séð í augum hans þegar strætis-vagn eða járnbrautarlest bar skyndilega að garði. Glyrnurnar báru þá með sér hrifningu sem kveikti með henni ótta um að Septimus myndi nú yfirgefa hana.¹⁷

Með fáum undantekningum kviknar lífsviljinn áður en ég grip til örþrifaráða. Þetta gerist þegar tilfinningarnar sem ég ber til eiginkonunnar og barna okkar stinga loks upp kollinum og aflétta álögum mannsins með ljáinn. Þegar hið versta er liðið stend ég venjulega illa þjakaður af vanlíðan og sektarkennd. Þá er stundum eins og dauðinn refsir mér fyrir hugleysið (eða er ég hugrakkur?) með því að flytja mig inn í hugarheim Moosbruggers, dauðadæmda fangans í *Manninum án eiginleika*, skáldsögu Roberts Musil. Alltaf fer hann með mig á sömu blaðsíðuna þar sem fanginn situr í klefanum og segist ekki hræddur við dauðann. Í huga hans er lífið fullt af atburðum sem við verðum að þola „og sem vissulega eru sársaukafyllri en henging, og hvort maður eigi eftir að lifa nokkrum árum lengur eða skemur skiptir í rauninni ekki máli“. ¹⁸ Með þessu móti reynir illskan að tæla mig aftur í faðm dauðans en henni hefur ekki enn orðið kápan úr því klæðinu enda streitist ég alltaf á móti, til að mynda með því að þvinga fram í vitundina ást Clarrise, annarrar persónu sögunnar, á tóntegundalausri tónlist,¹⁹ hljóðheimi sem hefur verið órjúfanlegur og líknandi hluti af lífi mínu í áraraðir.²⁰

Í hvert skipti sem vitundin flytur mig á þessar slóðir er skammt á milli feigs og ófeigs. Eina kyrra og frostkaldan andvökunótt, meðan eiginkonan og Snúlli, sem þá var ungur og enn með tvö augu, sváfu vært, var ég mjög hætt kominn. Þá stóð ég á brú yfir boðaföllin en í stað þess að leiða hugann að samnefndu lagi Simons og Garfunkel beindi ég allri athyglinni að ofbeldinu sem aðdráttarafl tunglsins beitti hafið þegar því var þröngvað út um þröngt mynni vogsins. Lífið níddist á mér á hliðstæðan hátt. Undangengna mánuði höfðu vinslit tveggja kerra vina og náninna samstarfsmanna, þar sem illskan fékk að leika lausum hala, orðið þess valdandi að ég sat skelfingu lostinn heima við og þorði ekki út fyrir hússins dyr.

Þessa nótt gat ég ekki meira, fór því fram úr rúminu og klæddi mig í fötin án

¹⁷ Virginia Woolf, *Mrs. Dalloway*, Atli Magnússon þýddi, Reykjavík: Ugly, 2017, bls. 110.

¹⁸ Robert Musil, *The Man Without Qualities*, Sophie Wilkins þýddi, London: Picador, 1997, bls. 227.

¹⁹ Sama heimild, bls. 50.

²⁰ Steindór J. Erlingsson, „Í leit að horfnum heimi“, bls. 52–55.

Þess að eiginkonan og Snúlli rumskuðu. Að því búnu gekk ég fram, ritaði stutt kveðjubréf, sem ég skyldi eftir á eldhúsbörðinu, og læddist loks út úr íbúðinni. Örvæntingin var slík að ég vissi ekki fyrir en ég stóð á brúnni og eftir að hafa horft eins og dáleiddur á stríðan straum hafsins tók ég ákvörðun um að feta í fótspor ógæfumannsins í „Martröð“ Arnar Arnarsonar (1884–1942), þó ekki fyrir en ég hafði hugleitt kvæðið í skamma stund, sérstaklega annað erindið:

Svalt er í sjónum,
sefur þar enginn rótt.
Krabbar með klónum
klipu mig dag og nótt.
Týndi ég höfði og hönd
í hafölduróti.
Bylgjur, sem ber að strönd,
berja mig grjóti.
Þær berja mig grjóti.²¹

Ég lét drungalegt innihald ljóðsins ekki aftra mér, klæddi mig úr fötunum, braut þau saman í snyrtilega hrúgu á brúnni og stökk út í helkalt djúpið. Ég fann hvernig boðaföllin báru mig hratt út eftir voginum á sama tíma og ískaldar greipar hafsins reyndu að toga mig undir yfirborðið. Ægir og maðurinn með ljáinn höfðu sem betur fer ekki erindi sem erfiði því áður en kuldinn dró úr mér allan mátt skutust upp í hugann myndir af fjölskyldunni og ákvað ég þá að gefa lífinu enn eitt tækifæri. Komst ég við illan leik að landi, klifraði upp grýttan og brattan bakkann og gekk skjálfandi að brúnni. Þar klæddi ég mig í fötin og rölti niðurlútur heim. Þegar þangað kom reif ég kveðjubréfið, klæddi mig úr fötunum og lagðist upp í rúmið án þess að eiginkonan rumskaði. Ég sagði henni frá atburðinum einhverjum dögum síðar.

Tilhugsunin um atvikið er mjög erfið og þegar ég horfi á bók Grays fallast mér hendur. Í áratugi hef ég verið á flotta frá lífinu og hef af þeim sökum búið við mikla einangrun. Í gegnum árin hef ég óttast fátt meira en mannleg samskipti sem eitt og sér er átakanlegt. Öllu verri eru þó úmabilin þar sem mér hefur nánast verið um megn að eiga í samskiptum við fjölskylduna, eiginkonuna og börnin. Þá líður mér eins og fanga í einangrun, án nokkurrar útkomuleiðar. Hugsa ég þá stundum með öfund til Moosbruggers og annarra dauðadæmdra ógæfumanna enda bíður þeirra frelsi dauðans. Af þessum sökum hef ég á liðnum árum oft upplifað mig sem lítinn dreng er horfir skelfingu lostinn út um

²¹ Örn Arnarson, „Martröð“, *Illgresi*, Reykjavík: Helgafell, 1965, bls. 75.

gluggann, virðir fyrir sér fólkið utandyra og veltir því fyrir sér hvernig það getur óttalaust umgengist aðrar manneskjur.

Reynsla mín af daglegu lífi venjulegs fólks er því takmörkuð og hef ég reynt að yfirvinna annmarkann með lestri bóka. Ég upplifi því lífið fyrst og fremst í gegnum hugmyndir annars fólks, sem rússneska skáldið Alexander Pushkin (1799–1837) taldi „lofsvert og verðugt markmið“.²² Hvað sem hughreystandi ljóðlínur skáldsins líður þá getur reynsluheimur skáldsagna og ljóða því miður aldrei komið í stað þess að mæta daglega til vinnu, umgangast vini og takast af djörfung á við áskoranir lífsins. Ég get þó huggað mig við að vera upp að vissu marki umvafinn líknandi sýndarveröld.²³

Tilfinningin um reynsluleysið fjarar út þegar ég hugsa loks til Lydgates læknis, einnar af persónum skáldsögunnar *Middlemarch*, sem á unga aldri vaknaði til vitundar um „að bækur væru efniviður, en að lífið sé heimskt“.²⁴ Söguhetja Mary Ann Evans (1819–1880; George Eliot) verður þess valdandi að ég byrja aftur að fletta í bók Grays. Ég hugsa með tilhlökkun til lestursins, eins og ég hef hlakkað til að lesa allar hinar bækur heimspekingsins sem standa nú í einni af bókahillunum. Þegar kemur að frásögn hans af kettlingnum Mèo, sem bandaríski blaðamaðurinn John Laurence bjargaði í skelfilegri orrustu í Víetnamstríðinu, staldra ég við og fer því miður að hugsa um martraðirnar sem heltóku mig í rúmlega einn og hálfan áratug eftir að ég innbyrti illskublandna eitrið í Eþíópíu. Þá vaknaði ég á hverri nóttu skjálfandi, ekki ósvipað kettlingnum þegar Laurence kom fyrst auga á hann.²⁵ Líkt og dýrið var ég í svefnförunum umvafinn dauða, skelfingu og þungvopnuðum mönnum. Horfði ég á þá drepa fjölskyldumeðlimi mína aftur og aftur og vaknaði í hvert sinni skelfingu lostinn. Oft var ég sjálfur fórnarlamb þeirra. Einatt skutu þeir mig í höfuðið en stundum stóð ég bundinn fyrir framan aftökusveit og fann hvernig kúlurnar fóru í gegnum líkamann, án þess að finna til sársauka. Þegar ég opnaði loks augun tók venjulega talsverðan tíma að vakna til vitundar um að ég væri ekki dáinn.

Minningastreymið dregur loks fram í vitundina verstu martroðina sem ég man eftir. Á meðan hún brýst fram eins og flód úr brostinni stíflu horfi ég sakbitnum augum til skiptis á eiginkonuna og myndirnar af tveimur eldri börnunum.

Það var miður dagur. Ég var staddur í undarlegum skógi sem var fjarri fyrri

²² Alexander Pushkin, *Eugene Onegin*, James E. Falen þýddi, Oxford: Oxford University Press, 2009, bls. 23.

²³ Angus Fletcher, *Wonderworks. The 25 Most Powerful Inventions in the History of Literature*, New York: Simon & Schuster, 2021.

²⁴ George Eliot, *Middlemarch*, London: Arcturus, 2019, bls. 145.

²⁵ John Gray, *Feline Philosophy*, bls. 12–16.

reynsluheimi mínum. Þögnin var þrúgandi. Mér reyndist erfitt að skilja það, enda beið ég eftir því að heyra suðið í fluguvængjum, iðandi fuglasöng, köll frá öpum eða einhver önnur merki um dýralíf. En það eina sem ég greindi var skjáfið í botngróðrinum og trjágreininum þegar ég reyndi að fíkra mig í gegnum þéttan skóginn. Ekki man ég lengur hversu lengi ég ráfaði um þennan undarlega stað. Óttinn við að vera staddur í skóginum er hins vegar enn áþreifanlegur. Skyndilega birtist rjóður og þá rofnaði þögnin. Fyrr en varði stökk ófreskja á mig og mátti ég mín lítills enda var hún miklu öflugri en ég. Á meðan hún batt mig við tréd fór ekki eitt orð á milli okkar.

Eftir að hafa komið höndum á mig gekk ófreskjan yfir rjóðrið. Þegar ég fylgdi henni eftir um flóktandi og iðagrænt grasið trúði ég vart eigin augum. Þar sem hún nam staðar blasti fjölskyldan við mér fjötruð við undarlegt, sexhyrnt tré. Það var bleikt á litinn og var því í hrópandi mótsögn við grænan lit grassins í rjóðrinu og laufblöð trjáanna sem girtu það af. Hendur og fætur eiginkonunnar og barnanna stóðu útglenntar og óttaðist ég að þau myndu slitna í sundur. Veinin hófust þegar ófreskjan kom upp að trénu undarlega. Þá byrjuðu mjóar bleikar greinar að vaxa út úr því. Man ég enn hve undarlegur mér þótti ógnarhraður vöxtur þeirra. Og fyrr en varði byrjuðu þær að vaxa í gegnum dóttur mína, son og eiginkonu. Þau æptu og veinuðu af kvölum og kölluðu hástöfum á mig: „Komdu og leystu okkur“. Ég gat hvorki opnað munninn né hreyft útlimina, svo kirfilega var ég fjötraður. Ógerlegt var einnig að loka augunum. Ég neyddist því til að horfa á ófreskjuna blása lífi í greinarnar, sem streymdu í gegnum fjölskyldu mína, og murkuðu úr þeim lífið. Gat ég með engu móti stöðvað hildarleikinn.

Hamfarafloð martraðarinnar skilar sér loks yfir í tákirtlana, streymir harmdöggin því niður eftir kinnunum og nemur loks staðar í skegginu. Þar leikur vökvinn, sem er að mestu samsettur úr vatni (H_2O) og söltum (Na^+ , K^+ og Cl^-), við keratínið sem vex út úr andlitinu og kærir sig kollóttan um hvort mér líður vel eða illa, líkt og kettinum sem liggur þétt upp að höfði eiginkonunnar. Ólíkt Snúlla þá er henni alls ekki sama um mig, þótt hún sé líklega ófær um að skilja þjáningu mína. Tilvist þessarar skörpu andstaðu á milli okkar hjónanna kveikir nú innra með mér, á meðan ég blaða áfram í bók Grays, þá hugmynd að eiginkonan eigi ef til vill að sumu leyti meira sameiginlegt með Snúlla en mér. Birtist samnefnari þeirra fyrst og fremst í einstöku jafnaðargeði og áhyggjuleysi eiginkonunnar. Þegar ég staldra loks við upphafssíðu annars kafla bókarinnar rek ég augun í setningu sem virðist styðja þessa hugmynd: „Kettir eru ánægðir með að vera þeir sjálfir, en menn reyna að vera hamingjusamir með því að flýja sjálfa sig“.²⁶ Þegar ég hugsa um áratuginu sem við höfum búið saman þá finnst mér

²⁶ Sama heimild, bls. 25.

fyrri hluti setningarinnar lýsa eiginkonunni á einstakan hátt á meðan líf mitt kristallast í seinni hlutanum.

Grátbólgin fyllist ég miklu vonleysi þegar ég hugsa um grimm örlög mín og þá gríðarlegu erfiðleika sem ég hef lagt á eiginkonuna og börnin. Mitt í skelfingunni flögrar Sylvia Plath (1932–1963) inn í sýndarveröldina. Hún er í hópi þeirra rithöfundu og skálda sem hafa markað djúp spor í lífi mitt. Það sem gerir Plath svona sérstaka er að hún gekk í gegnum hliðstæðar þjáningar og ég hef upplifað, eins og lesa má í sjálfsævisögulegu skáldsögunni *Glerhjálmurinn*. Við eigum það einnig sameiginlegt að hafa hræðst raflækningar eins og heitan eldinn, meðferðina sem dró okkur tímabundið út úr helvíti þunglyndisins. Hér er á ferðinni sérstök þverstæða, en ástæður hræðslu okkar voru ekki þær sömu. Plath lýsir á áhrifamikinn hátt hvernig var að upplifa meðferðina án svæfingar,²⁷ sem hlýtur að vera skelfileg reynsla. Þegar ég horfi á eiginkonuna og Snúlla og leiði hugann að veru minni á deild A2 á Borgarspítalanum í upphafi tíunda áratugarins og raflækningunum sem þar voru í boði fyllist ég einnig skelfingu.

Ferlið hófst fyrir allar aldir. Þá kom hjúkrunarfræðingur inn í herbergið og sprautaði vöðvaslakandi lyfi í rasskinnina. Eftir það lá ég oft milli svefnis og vöku þar til morgunvaktin hóf störf. Þá var ég fluttur yfir á lítinn hreyfanlegan bekk, sem ýtt var út úr herberginu og fram á gang. Skröltið í hjólunum þótti mér óþægilegt en loftljósin drógu athyglina frá hávaðanum. Frá ganginum lá leiðin yfir í samkomusalinn og enn glamraði í hjólunum en nú blasti við mér ný gerð ljósabúnaðar. Þá fór hjartað að slá örar, enda styttist í hurðina skelfilegu, en handan hennar beið óttinn, illskan, og sú álma Borgarspítalans, sem þá var í byggingu. Loks rann bekkurinn inn um vítisdyrnar þar sem hvorki var hátt til lofts né vítt til veggja. Í loftinu blöstu við rakar pípur og eitt sinn féll dropi á nefið mitt. Glamrandi hjólin báru mig loks inn í rökkvaðan biðsal, innan um eldri konur sem lágu á sambærilegum bekkjum og mátti heyra sumar þeirra kjökra. Þegar snöktið barst inn um hlustirnar velti ég því fyrir mér hvort þær upplifðu sama ótta og ég.

Þegar röðin kom loks að mér var bekknum ýtt inn í vel upplýst herbergi. Þar stóð rafmagnsvélin og við hlið hennar biðu læknar. Einn þeirra gekk að mér og dældi svefnlyfinu í æð. Í stað friðsællar svæfingar greip skelfileg köfnunartilfinning skyndilega vitundina og gerði ég fastlega ráð fyrir að deyja. Þetta var endurtekið nokkrum sinnum í viku yfir nokkurra vikna tímabil, en alltaf fór ég aftur í meðferðina, enda treysti ég læknum fullkomlega. Ég get hins vegar ekki neitað því að fátt er verra en að þurfa að upplifa endurtekna köfnunartilfinningu og ótta

²⁷ Sylvia Plath, *Glerhjálmurinn*, Fríða Björk Ingvarsdóttir þýddi, Reykjavík: Salka, 2003, bls. 236–237, 258 og 263–272.

við dauðann til þess að vinna bug á skelfilegu þunglyndi og sjálfsvígshugsunum. Þetta er ekki nokkurri manneskju bjóðandi.²⁸

Hugurinn er nú yfirfullur af hryllilegum minningum. Fyrirferð þeirra er slík að nálægðin við eiginkonuna og Snúlla druknar í helvítinu sem hefur heltekið mig. Þótt ég sjái í rökkrinu glitta í myndirnar af börnunum halda öldur vonleysis áfram að skella á mér. Ein þeirra dregur fram minningar um volkið í voginum og í skamma stund prísar ég mig sælan yfir að vera ekki orðinn hluti bola og greina kolsvarta og kræklótta skógarins í sjöunda baug *Vitis* en innan trjáanna þar veina vesalingar sem féllu fyrir eigin hendi.²⁹ Önnur alda þvingar ofbeldisfullu martraðirnar fram í vitundina og flytur mig síðan niður í fremsta hluta níunda baugs sköpunarverks Dantes. Þar sé ég manneskjur sem svikið hafa ættmenni sín frosnar upp að bringu og fyllist skelfingu þegar línurnar er lýsa örlögum þeirra koma fram í vitundina:

Ofan íss [þær] húktu fésuðum
og munnar báru vitni vítisfrera
en augnatillit sárum hjartahryggðum.³⁰

Brímskaflarnir linna loks látum þegar ég niðurbrotinn legg bók Grays frá mér á náttborðið. Þá rek ég augun í *Út í vitann* eftir Virginíu Woolf, tek bókina upp af borðinu og opna af handahófi. Á síðunni sem blasir við mér spyr frú Ramsey: „Hvernig gæti einhver Drottinn hafa skapað þennan heim“? Rökhugsunin hafði fyrir löngu opnað augu hennar fyrir því „að það er engin skynsemi, regla, réttlæti: heldur þjáningar, dauði, hinir fátæku“.³¹

Orð frúarinnar verða þess valdandi að Plath leitar aftur á hugann. Ástæða þess er sú að það er fleira en geðveiki og hræðslan við raflækningar sem sam-einar okkur því við trúum bæði á tilvist helvítis. Skoðun Plaths, sem endurómar viðhorf mitt, birtist í samræðum hliðarsjálfs hennar, Estherar Greenwood, við prestinn á spítalanum. Þar segir hún guðsmanninum að „ég tryði á helvíti og að sumt fólk, á borð við mig sjálfa, yrði að búa í helvíti áður en það dæi, sem uppbót fyrir að sleppa við það eftir dauðann, þar sem það tryði ekki á líf eftir dauðann ...“.³² Þessar hugsanir fljúga um vitundina rétt áður en svefninn tekur loks völdin. Samhliða þeim læðast um hugann myndir af Plath og Woolf, sem

²⁸ Síðar komst ég að orsök köfnunartilfinningarinnar: Svefnlyfinu var dælt alltof hratt inn í æðina.

²⁹ Dante Alighieri, *Víti*, bls 189–199.

³⁰ Sama heimild, bls. 455.

³¹ Virginia Woolf, *Út í vitann*, Herdís Hreiðarsdóttir þýddi, Reykjavík: Uglá, 2014, bls. 100.

³² Sylvia Plath, *Glerhjálmurinn*, bls. 254.

báðar fyrirfóru sér, og harmrænir tónar úr klarínettuverkinu *Láttu mig deyja áður en ég vakna* eftir Salvatore Sciarrio (f. 1947).

*

Þegar ég opna augun er ég staddur á undarlegum og dimmum stað sem virðist vera vitund mín. Þar kem ég auga á fjögur skáld, tvær konur og tvo karla, á gangi. Í rökkri hugans rétt glittir í þau en umhverfis skáldin sveima orðin og setningarnar úr bókum þeirra, glitrandi líkt og stjörnur á dimmri vetrarnótt, sem breyta svartnætti tilveru minnar í kvöldhúm. Á meðan sól lífs míns er enn djúpt handan sjóndeildarhringsins fylla tindrandi orð þeirra mig þakklæti og um leið vaknar innra með mér veik von þess efnis að þau geti með tímanum hjálpað Röðli upp úr dýpi Hadesar.

En á ég einhverja von? Þegar bergmál spurningarinnar tendra í skamma stund glóþráðinn í tveimur einmana perum sem hanga á umkomulausum staur, sem stendur skammt frá mér, sé ég skyndilega tvö skáldanna, Marínu Tsvétajeva og Osip Mandelstam, faðmast innilega í uppbúnu rúmi og virðast endurtaka skammlíft ástarsamband frá árinu 1916. Upp frá skáldunum streyma glitrandi setningar ljóðanna sem Marína og Osip ortu hvort til annars þetta ár. Álengdar standa Rainer Maria Rilke og Anna Akhmatova og horfi ég undrandi til skiptis á þau og elskendurna. Rainer virðir atlotin einbeittur fyrir sér. Sýnin leysir úr viðjum huga hans stórkostlegar lýsingar skáldsins á innilegri snertingu elskenda, eins og þær birtast í öðru *Dúínó-tregaljóðinu*,³³ ljóðabálknum magnaða, sem kalla fram minningar um fyrstu kynni mín af eiginkonunni.

Ólíkt Rainer virðist Anna eiga erfitt með að bera samlanda sína augum. Loks tekst henni að gjóa þeim í átt að Marínu og Osip og sé ég tárin fossa niður hvarma hennar. Harmræn örlög þeirra, sem nátengd eru grimmdarstjórn Stalíns, kveikja greinilega sárar minningar innra með Önnu. Tilfinningarnar erfiðu tendra loks stórkostlegasta sjónarspil sem ég hef augum litið. Út úr tárunum streyma ljóðabálkarnir ógleymanlegu, *Salumessa: Ljóð 1935–1940* og *Ljóð án hefju*, sem dansa líkt og norðurljósinn innan um tindrandi ljóð Rainers, Marínu og Osips. Í sömu mund er líkt og hjarta Önnu opnast og út úr því liðast kvæðin tvö, dökkleit og lítt sýnileg, sem hún orti um elskhugana eftir að þau höfðu gefið upp öndina.

Ekkert skáldanna virðist meðvitað um sjónarspilið sem ég hef fyrir augunum og bælir niður dauðahvötina sem Elþjópíueitrið nærir innra með mér. En áður en ég veit af gufa Anna og Rainer, ásamt ljóðlinum þeirra, bókstaflega upp. Nú er ég því einn með elskhugunum sem liggja hreyfingarlausir í rúminu, líkt og þau séu dái. Það er því ekki að undra að bjarmi ljóða þeirra hverfur smátt og

³³ Rainer Maria Rilke, *Dúínó-tregaljóðin*, Kristján Árnason þýddi, Reykjavík: Bjartur, 1996.

smátt. Loks stend ég óttasleginn í niðamyrkri en skyndilega liðast upp úr höfði Osips „Stalínspakmælin“, ádeilan sem innsiglaði örlög hans. Allar sextán línur ljóðsins hnita hringi yfir höfði skáldsins, en einhverra hluta vegna ber mest á þeirri fimmtánda:

Hann renndi aftökunum eftir tungunni líkt og berjum.³⁴

Í ljóstírinni sem stafar af ljóðinu birtist óvænt mynd af Gúlag-flutningsbúðunum austur í Síberíu þar sem Osip gaf upp öndina 27. desember 1938.³⁵ Á sama tíma streymir ljóðið stutta „Ég opnaði æðar mínar“³⁶ út úr höfði Marínu og sveimar yfir henni. Í hjarma þess sé ég krókinn sem skáldgyðjan notaði til þess að hengja sig 31. ágúst 1941.

Bugast ég nánast við þessa hryllilegu sýn og veit vart í hvorn fótinn ég á að stíga, enda hellast yfir mig þrúgandi endurminningar. Þrátt fyrir lamandi þögnina er líkt og skáldin hreyfingarlausu skynji þessar erfiðu hugsanir. Marína ríður á vaðið. Fram að þessu höfðu ljóðasetningarnar einungis sveimað yfir höfðum skáldanna en nú sé ég röð orða liðast út úr höfði hennar, niður andlitið og skríða þaðan á hraða snigils eftir sænginni. Við enda rúmsins hefja þau sig loks til flugs á tilþrífalítinn hátt og staðnæmast glitrandi beint fyrir framan mig:

Förum til .../ vítis hvert sem er bara ekki / lífið.³⁷

Bregður mér við að sjá þessa áhrifamiklu setningu úr „Ljóði um endalokin“ þar sem Marína fjallar um erfið sambandsslit við elskhuga sinn, Konstantin Rodzevich (1895–1988).³⁸ Ég hef á tilfinningunni að hún sé að hvetja mig til að taka eigið líf, enda segir á öðrum stað í ljóðinu:

³⁴ Osip Mandelstam, *The Selected Poems of Osip Mandelstam*, Clarence Brown og W.S. Merwin þýddu, New York: The New York Review of Books, 1973, bls. 69–70, einkum bls. 70.

³⁵ Rússneski (sovéski) rithöfundurinn Varlam Shalamov (1907–1982) dregur upp harmræna mynd af dauðastríði Osips í einni Gúlag-smásagnanna; sjá Varlam Shalamov, „Cherry Brandy“, *Kólyma Stories*, Donald Rayfield þýddi, New York: The New York Review of Books, 2018, bls. 69–74.

³⁶ Marina Tsvetaeva, „I opened my veins“, *Bride of Ice*, Elaine Feinstein þýddi, Manchester: Carcanet Press, 2009, bls. 135.

³⁷ Marina Tsvetaeva, „Poem of the End“, *Bride of Ice*, bls. 94–117, einkum bls. 114.

³⁸ Simon Karlinsky, *Marina Tsvetaeva. The Woman, Her World and Her Poetry*, Cambridge: Cambridge University Press, 1986, bls. 136–142. Hjúaband Tsvétjaevu og Efrons var mjög óhamingjusamt en hún gat ekki yfirgefið eiginmanninn: „Ég fór erlendis til þess að sameinast Sergeí. Hann myndi farast án mín ...“ (Sama heimild, bls. 138). Tsvétjaeva leitaði því ástar utan hjúabandsins, jafnt með körlum og konum. Samband hennar við Sophíu Parnok (1885–1933) var kveikja ljóðsins „Vinkona“ (sama heimild, bls. 51–58). Sjá Marina Tsvetaeva, „Girlfriend“, *Bride of Ice*, bls. 4–16.

Eigum við að fara? Hvernig
kúla lest eitur
dauði alltént, veldu!³⁹

Í huganum hef ég oft horft ofan í byssuhlaup, staðið á lestarteinum og hugsað með hlýju til blásýru, en áður en mér tekst að falla ofan í þessa gryfju er líkt og Osip grípi í taumana. Út úr brjóstokassa hans, í hjartastað, streyma glitrandi orð sem hefja sig strax til flugs og stefna í áttina að mér. Horfi ég dolfallinn á sjónarspilið enda dansa orðin af mikilli gleði um loftið. Hluti þeirra stöðvast loks í torræðri röð miðja vega á milli okkar líkt og þau séu að biða þess að mér gefist færi á að lesa fyrstu orðaröðina, sem svífur nú fyrir framan mig:

Ég er kirsuberið sem sveiflast í sporvagnsól
illra tíma. Hvað er ég að gera lifandi?⁴⁰

Þegar Osip ritaði þessar línur, sem eru hluti af ónefndu ljóði frá marsmánuði ársins 1931, var verulega farið að þrengjast að honum og gat hann hvenær sem er átt von á handtöku.⁴¹ Ekki gefst mér tími til þess að hugleiða ljóðabrotið nánar því það hverfur skyndilega þegar næsta orðaröðin birtist andspænis mér:

Ég hræðist ekki vitneskjuna um að stormurinn haldi áfram og áfram
...
en jafnvel þegar ég get ekki andað vil ég lifa þangað til ég dey.⁴²

Setningarnar, sem eru hluti annars ónefnds ljóðs frá sama ári, snerta mig djúpt því Osip virðist hvetja mig til þess að fara ekki að ráðum Marínu. Hann virðist þess í stað brýna mig til þess að berjast gegn erfiðleikumum og dauðahvötinni þar til náttúran tekur mig til sín. Sannfærast ég um boðskapinn þegar síðustu línurnar svífa glitrandi skammt frá andlitinu:

Þú er enn þá lifandi, þú ert enn ekki einn–
hún er enn við hlið þér, með sínar tómu hendur,
og gleði berst ykkur báðum yfir víðáttur slétta
gegnum mistur og hungur og fljúgandi snjó.

...

³⁹ Marina Tsvetaeva, „Poem of the End“, bls. 100.

⁴⁰ Osip Mandelstam, *The Selected Poems*, bls. 61.

⁴¹ Osip Mandelstam, „Fourth Prose“, *The Noise of Time. Selected Prose*, Clarence Brown þýddi og ritaði inngang, Evanston: Northwestern University Press, 2002, bls. 175–189. Sjá einnig Clarence Brown, „A Note on *Fourth Prose* and *Journey to Armenia*“, sama heimild, bls. 165–173, einkum, bls. 165–168.

⁴² Osip Mandelstam, *The Selected Poems*, bls. 61.

og fátækur er sá sem réttir fram veiklað líf sitt
tíl að biðja [illskuna] miskunnar.⁴³

Þvílíkur boðskapur. Þegar ég virði fyrir mér þessar áhrifamiklu línur, er tilheyra ónefndu ljóði sem Osip ritaði í útleðð árið 1937, þremur árum eftir að hann var handtekinn fyrir að yrkja „Stalínspakmælin“, fyllist ég von. Líkt og skáldið þarf ég ekki að berjast einn við illsku Eþjópiueitursins. Nadezhda Mandelstam (1899–1980) fór með eiginmanni sínum í útleððina og hélt bókstaflega í honum lífinu þar til illska Gúlagsins glepti hann árið 1938. Á hliðstæðan hátt hefur eiginkonan staðið þétt við hlið mér á minni löngu göngu um dimman dal vonskunnar. Nú biður mín að horfa, líkt og Osip, með djörfung framan í erfiðleika lífsins. Vonandi verður það til þess að Röðull nái loks að sleppa úr prísund Hadesar. Til þess að liðka fyrir því mun ég halda áfram að hugleiða, lesa og tala um ljóð Marínu, Rainers, Önnu og Osips, sem einhverjum mánuðum fyrir andlátíð tjáði Nadezhdu: „Fyrsta skylda manns er að lifa“.⁴⁴

*

Þegar ég vakna upp af þessum harmræna en yndislega draumi sest ég upp og virði Sigríði Klöru, eiginkonu mína, fyrir mér fullur þakklætis. Við mér blasir einstök kona sem hlýtur að teljast til eins af „dýrlingum jarðarinnar“⁴⁵ fyrir að hafa af stóískri ró umborið geðveiki mína í áratugi. Stíg ég loks fram úr rúminu, geng hljóðlega að bókahillu í stofunni, dreg fram bækur ljóðskáldanna og faðma þær að mér. Finn ég gleðitár streyma niður hvarmana þegar ég hugsa með bækurnar í fanginu: „Kannski á ég von, eftir allt saman“.⁴⁶

⁴³ Sama heimild, bls. 88.

⁴⁴ Nadezhda Mandelstam, *Hope against Hope*, bls. 339.

⁴⁵ George Eliot, *Middlemarch*, bls. 312.

⁴⁶ Greinin lýsir vel hvernig mér leið á ritunartíma hennar sumarið 2021. Efnið er myrkt en það örlar fyrir von í greinarlok. Eftir ritun textans hugleiddi ég mikið svartnættið sem hefur umlukið tilveru mína í áratugi og vonina sem lengstum var hulin myrkri. Ég fann hversu brýnt var að skora eitru illskunnar á hólum og blása lífi í vonina. Lausnin kom til mín að morgni 1. september 2021. Þá svifu í hugskotunum allir sex kaflar sjálfsævisögu-legrar skáldsögu, sem ber heitið *Lífið er staður / þar sem bannað er að lifa: Bók um geðröskun og von*, og lauk ég ritun hennar um miðjan nóvember sama ár. Hún er stórbrotið ferðalag um rangala lífs míns þar sem ég nýt aðstoðar Prédikarans, sögumanns samnefndrar bókar Gamla testamentisins. Veröld mun gefa bókina út í september 2023.